

Lög

um

breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun
brunabótafjelags Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist Brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatryggingar á húseignum á Íslandi, utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð upphæð lausafjár, sem trygt er í fjelaginu, nemi aldrei meiru en $\frac{1}{3}$ samanlagðra váttryggingarupphæða húsa í fjelaginu, og að engin ein váttryggingarupphæð lausafjár nemi meiru en upphæð, sem stjórnarráð Íslands ákveður að fengnum tillögum Brunabótafjelags Íslands.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og váttryggingarskilyrði og setur yfir höfuð allar reglur um starfsemi fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið er gagnkvæmt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóð fyrir alt að 800000 kr. og tekur að sjer:

- A. Trygging á $\frac{5}{6}$ hlutum verðs, með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoða-ábyrgðinni, á húseignum í kaupstöðum, utan Reykjavíkur, og í kaup-túnunum með 300 íbúum eða fleirum.
- B. Trygging á $\frac{5}{6}$ tjóns af eldsvoða á húseignum þeim, utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflíð A með hluttekning sveitar-fjelaga, þó eigi þeim, er teljast tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.
- C. Trygging á lausafje í kaupstöðum þeim eða kaup-túnunum, sem getið

er undir staflíð A, og í Reykjavík. Fjelagið getur trygt slíkt lausa- Nr. 53
fje fullu verði. 28. nóv.

3. gr.

Orðin í 3. gr. »að undanskildum húseignum landssjóðs« falli burtu.

4. gr.

Orðin í 5. gr. «og lausafjár» falli burtu.

5. gr.

6 gr. orðist þannig:

Ef endurtrygging eða samtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum eða samtryggja með þeim það, sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

- A. Með hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsum í sameiginlegri brunahættu 10000 kr. og lausafjártryggingarupphæð, sem stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.
- B. Án hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi 7500 kr. og lausafjárupphæð, sem stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.

6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarsstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sjer á húsum, nema með því eina skilyrði, að $\frac{5}{6}$ af skaðanum endurgjaldist og að sá $\frac{1}{6}$ hluti, sem ekki verður endurgjaldinn, sje ekki trygður annarsstaðar.

7. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, sem eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

8. gr.

2. málsgrein 20. gr. orðist svo:

Öll iðgjöld til fjelagsins, virðingargjöld og skirteinagjöld má innheimta með lögtaki.

9. gr.

2. málsgrein 23. gr. orðist svo:

Nr. 53 Hinn sameiginlegi brunabótasjóður eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905,
28. nóv. sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917, skal hafa sömu stjórn og Brunabótafjelag Íslands
og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaður milli þeirra
skiftist eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars er fjelagið og brunabótasjóðurinn
reikningslega alveg óháð hvort öðru.

10. gr.

26. gr. laganna falli burtu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amáluborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.

Nr. 54
28. nóv.

Lög

um

löggilding verslunarstaðar á Mýramel.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á Mýramel í Dýrafirði skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslun-